


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Saga 203	Kennsluáætlun Haustönn 2010

Kennari	Pröstur Ásmundsson og Þorsteinn Kruger	Sk.st.	PRÁ/POK
----------------	--	---------------	---------

Áfangalýsing og markmið:

Þessi áfangi spannar það skeið í sögu Evrópu og Íslands sem kennt hefur verið við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum á sviði hugsunar, menningar, stjórnmála og félagasamtaka.

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á því hvernig þessi viðleitni sem og ýmsar tækninýjungar hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda, þ.á.m. heimsstyrjaldir 20. aldar en einnig velferðarríki nútímans. Lögð er áhersla á að þjálfna nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og verkefnum.


Námsgögn :

Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta.* Mál og menning. Reykjavík 2006

Ingunn Axelsdóttir og Þórunn Blöndal: *Handbók um ritun og frágang.* 7. útgáfa. Iðunn. Reykjavík 2002

Sýnd verða myndbönd, einkum um sögu 20. aldar.

Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Saga 203	Kennsluáætlun Haustönn 2010

Áætlun um yfirferð:

- 33. - 36. vika. Draumar um betra líf, bls. 9 til 65
- 37. - 40. vika. Nýir hugmyndastraumar á Íslandi, bls. 65 til 137
- 41. - 44. vika. Tækninýjungar til góðs og illis, bls. 137 til 196
- 45. - 48. vika. Átök á heimsvísu, bls. 197 og áfram.

Ritgerð: Skiladagur er í lok október (í 43. kennsluviku).

Miðannarpróf verður haldið í byrjun október (í 40. kennsluviku)

Að auki verða ýmis konar **verkefni** lögð fyrir á önninni, ýmist tímaverkefni eða styttri skilaverkefni, þau verða kynnt jafnóðum.

Athugið að nemendum er heimilt að nota fartölvur í tímum, en eingöngu vegna námsins. Brot á þessari reglu leiðir til þess að viðkomandi verður bannað að nota slík tæki í kennslustundum. Notkun farsíma og annarra slíkra tækja er ekki leyfð í tímum.


Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt lokapróf í des.	50%
Ritgerð	15%
Miðannarpróf	20%
Hópverkefni (Átök á heimsvísu)	15%

Athugið að standa verður skil á öllum verkefnum til að öðlast próftökurétt

Lagt fram með fyrirvara um breytingar; komi til þeirra verður það kynnt rækilega. Með óskum um gott samstarf.

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Saga 203 Kennsluáætlun Haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils